

# MÚRRISTUR

## Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Steinsteypan er kalt og fráhrindandi byggingarefni og í eðli sínu mannfjandsamleg.

Glöggur og framsýnn vísindamaður reiknaði þannig út, hvenær manninum með jöfnu og hnitmiðuðu áframhaldi myndi takast að malbika alla jarðarkúluna, heila yfirborðið!

Það kom í ljós, að við verðum

að biða enn um stund og náum því ekki á þessari öld, en það hlýtur að koma að því fyrr eða síðar, sé tekið mið af stórhug og framkvæmdavilja hvíta mannsins, — því að þetta er undir lið framfara og framþróunar!


Það er þannig nokkur varnagli á hugtakinu og t.d. ekki allt áunnið við það að komast fljótar á milli staða. Mönnum vinnst þá t.d. minni tími til að uppgötva fegurðina á leiðinni og eiga erfðara með að koma hughrifunum

til skila. Menn þurfa að hafa tíma til að hugsa og rými til að geta fundið til, slíkt verður ekki mögulegt í framtíðarheimi steinsteypannar og með tilbúnu súrefni. Mætti þá frekar biðja um grómgögn náttúrunnar og sem allra mest af eðlilegum skít.

Eitt er víst og það er, að hlutverk skapandi listamanna er m.a. að gera okkur lifandi mönnum kleift að lifa og hræstast í ójarðneskum efnunum, a.m.k. svo lengi sem við erum ekki úr steinsteypu sjálfir.

Þetta hefur mönnum lengi verið ljóst, og þess vegna hefur heimurinn eignast stórkostleg listaverk í aldanna rás, sem eru í kjarna sínum ekkert annað en viðleitni mannsins til að lifa af og varðveita uppruna sinn — tengsl sín við móður náttúru. Þessari lífrænu skreytibörf hefur verið veitt útrás í margri mynd innan húss og utan, svo sem sér stað í hofi og hörg, minnismerkjum ýmiss konar og utan á hýbýlum einstakra listeskra manna. Ein af aðferðunum til að lifa upp á hlaðinn, tölhöggvinn steininn og síðar steinsteypana nefnist múrrista eða „sgraffito“, eins og aðferðin nefnist á fagmáli. Fyrstu minjar múrristunnar eru frá 13. öld, en handiðnaðarmenn hafa líkast þekkt þessa aðferð mun fyrr og trúlega allt frá því farið var að nota stein sem byggingarefni. Einkum þegar tilhöggvinn steinn kom í stað náttúrugrjóts og skyndilega blöstu við auðir og berir veggir. Það hefur lítið verið unnið í þessari tækni á Íslandi, fyrr en Gunnsteinn Gíslason tók að helga henni alla krafta sína í upphafi þessa áratugar.

Árangurinn sáum við fyrst á sýningu að Kjarvalsstöðum 1982, og listamaðurinn er enn á ferð



með sýningu á sama stað, nánar tiltekið vestri gangi menningarsetursins.

Hér hefur sjálfsagt verið upprunaleg þörf að baki, því að við Íslendingar erum óskemmtilega gjarnir til að gleyma þessum mikilvæga þætti húsagerðarlistar, sem þó er jafngamall listgreinin. Þörfin er fyrir hendi, en kemur í flestum tilvikum fram í misþyrmingu húsveggja frekar en að vera í tignarlegu samræmi við þá og auðga viðkomandi byggingu.

Því var löngu kominn tími til, að hér væri tekið til hendi og einungis þannig séð er viðleitni Gunnsteins Gíslasonar mikils virði.


Gunnsteinn vinnur á nokkuð þröngu og einhæfu sviði og víst óskar maður þess iðulega, að meiri kraftur væri í verkum hans, en kannski er það vegna þess, að listamaðurinn telur ekki markað

fyrir slíkt enn sem komið er.

Hér eru möguleikarnir miklir og þá ekki einungis í því skreyti-kennda heldur einnig í litbrigðum og áferð, en hér virðist mér Gunnsteinn halda full mikið aftur af sér.

Hins vegar hefur hann hannað stálramma sem viðbót við tæknina, sem er ekki heppilegasta lausnin, vilji listamaðurinn færa út kvíarnar á upprunalegu tækni-sviði. Til þess getur hann unnið svo miklu betur úr efniviðnum en honum hefur ennþá tekist og hann hefur þó handa á milli og því í næsta sjónmáli. Hér er að líta langt yfir skammt, þó leikurinn geti á stundum verið í hæsta máta áhugaverður.

Ög þannig séð er maður alveg sáttur við myndir eins og „Orðan“ (10), „Aðför“ (15), en þó fremur öllu „Gegnum loftmúrinn „II“ (12)



Niels Hafstein

## Svartir og gylltir hestar

Í hálfum Kjarvalssal Kjarvalsstaða, á móti Ívari Valgarðssyni, sýnir myndlistarmaðurinn og spekingurinn Niels Hafstein nokkur skúlptúr- og veggverk.

Þetta er hugmyndafræðileg innsetning (installation) og ber öll sýningin nafngiftina „Svartir og gylltir hestar“.

Niels Hafstein er út og í gegn hugmyndafræðilegur listamaður og hefur sem slíkur komið ýmislegt við sögu á íslenskum myndlistarvettvangi.

Hið hugmyndafræðilega er Nielsi háleit hugsjón, sem hann hefur helgað líf sitt, og fyrir honum mun það eitt eljast gild list, að það hafi markvissa hugsun að baki. Hugsunin er hér mikilvægari sýnilegri útkomu og áþreifanlegri hugmynd. Og fyrir slíka er það eitt jafnvel fullgild list að hugsa þvert í gegnum jörðina. Þemað á sýningunni er hesturinn og flugið, og fylgir listamaðurinn sýningunni úr hlaði með sögu af

stríðsfáki Alexanders mikla, sem hann fléttar persónulegu minni úr bernsku, að mér skilst. Það er mikil einlægni og alvara, sem að baki athafna Nielsar Hafstein býr, og víst getur það verið góður og gildur leikur að tengja ýmsa hluti, er menn búa til, margvíslegum sögum úr fortíðinni og ekki sakar þá að yfir þeim sé sögulegur ljómi og að skáldfakurinn Pegasus sé með í leiknum.

Hins vegar eykur það ekki á formgildi myndlistarverkanna, a.m.k. ekki áþreifanlega formgildið, hvað sem því huglæga líður. En eins og kemur fram hjá Ívari félagi hans verður innsetningin frekar bragðdauf fyrir augað á þessum stað. Hér hefði hnitmiðuð lýsing þurft að koma til, sem hefði lyft undir stemninguna.

Hér er allt svo slétt og fellt og ýtir ekki undir hugarflug og drauma nema þá ritsmíðin á einblöðungnum.

## IVAR VALGARÐSSON

Í hálfum Kjarvalssal Kjarvalsstaða sýnir myndlistarmaðurinn Ivar Valgarðsson nokkur skúlptúr- og veggverk.

Ýmislegt hefur sést til Ivars á hinum ýmsu sýningum undanfarið ár og er ljóst, að hann er af hugmyndafræðilegu kynslóðinni öðru fremur, þótt á stundum bregði hann pentskúfinum fyrir sig. Blöndu af þessu sáum við á sýningunni „Íslensk abstraktlist“ að Kjarvalsstöðum fyrr á árinu, og var það stóra myndverk tákna-rænt fyrir vinnubrögð hans hér áður fyrr.

Sennilega er Ivar þó öðru fremur myndhöggvari í orðsins fyllstu merkingu, enda verða þær einföldu myndir, sem hann vinnur í skúlptúrlistinni, manni einkum minnstæð af athöfnum hans á myndlistarsviði.

Hin einföldu skúlptúrverk á sýningunni að Kjarvalsstöðum staðfesta og þessa tilgátu, en öðru máli gegnir, að þau njóta sín þar engan veginn.

Myndverkin eru sett upp sem innsetning eða „Installation“ eins og það nefnist á finu máli, en komast alls ekki til skila á hinu freka gólfi hússins. Á ég hér við, að parkettgólfið taki til sín og veiki um leið áhrif frá skúlptúrnum, — og þá virka og myndverkin á veggjunum hálf kraftlítil, svo sem þeim er fyrir komið.

Einfaldar og klárar höggmyndir eins og þær, sem Ivar sýnir, kalla á rétta staðsetningu og sérs-takt umhverfi, og því er innsetnings-hugmyndin hárrétt, en kemst einfaldlega ekki til skila í hinu vandnotaða húsnaði Kjarvalsstaða.

## Byggingarfræðileg sértekning

Veflistin hefur tekið á sig margar myndir á undanförunum árum, farið langt út fyrir hinn tvívíða flöt og á stundum hefur gerandinn verið mest upptekinn af rúmtakinu.

Þannig hefur listgreinin nálgast það að vera hrein skúlptúr á stundum ásamt rannsóknum á formfræðilegum möguleikum og áferð ýmissa ólíkra efna.

Margt ágætt hefur komið út úr þessari uppstokkun hugtaksins, þótt á köflum þætti full langt gengið og of langt vikið af braut hreins vefnaðar.

Á allra síðustu árum hefur

mátt kenna afturhvarfs í þessu málum og þannig hefur endurnýj-aður sígildur vefnaður vakið einna mestu athyglina á stórum vefjarlistarsýningum í útlandinu. Nákvæmlega á sama hátt hefur og gerst með leirlistina og fleiri hliðargreinar myndlistarinnar og má hér nefna dönsku listakonuna Alev Siesbye, sem náo hefur alþjóðlegri frægð fyrir einfalda en stórbrotna keramik sína.

Þessi ánægjulega þróun, sem byggðist öðru fremur á því að halda fram sérskennum listiðagreina og að dýpka tjákraft þeirra með virkjun einfaldleikans, hefur og einnig náð til Íslands. Þessa hefur m.a. séð stað í einföldum vefmyndum Ingibjargar Styrgerðar Haraldsdóttur, sem til mánaðamóta sýnir tug nýlegra verka í eystri gangi Kjarvalsstaða.

Ingibjörg er ekkert að flýta sér, því að hún á langt og strangt nám að baki og margra ára sjálfstæða vinnu við vefstólinn, áður en hún kveður sér hljóðs með sinni


fyrstu og látlausu sýningu. Eiginleikar, sem eru alltof sjaldgæfir nú á tímum, en eru þó einmitt vænlegir til drjúgrar uppskeru.

Menn koma líka ekki að tónum kofunum hjá þessari listakonu, því að vef-tæknina hefur hún fullkomlega á valdi sínu. Lit stillir hún í hóf, og þannig er uppistaðan mildir, bláir og gráir tónar, og í heillegri myndbyggingunni gengur hún út frá frumformunum.

Formræn vinnubrögð hennar geta sterklega minnt á ameríska myndlistarmanninn Frank Stella og ýmsa félagi hans í „Hard Edge“-liststefnunni.

Þetta eru ef til vill nauðsynlegar lánsfjáðir enn sem komið er, en svo mikið er af upplifðum hughrifum listakonunnar Ingibjargar Styrgerðar í þessu verkum, að hún ætti að hafa alla burði til að þróa hér sinn eigin stíl.

Að öllu samanlögðu er hér á ferð heilleg og hrifmikil frumraun, sem listakonunni er mikill sómi að.



Ingibjörg Styrgerður Haraldsdóttir